

## ÚRSKURÐUR

### Áhugamennskunefndar GSÍ

**Kærendur:** Gunnlaugur Elsuson, Holtsgötu 35, Reykjavík og  
Ástráður Þ. Sigurðsson, Furugrund 50, Kópavogi.

**Kærða:** Steinunn Sæmundsdóttir, Hraunbæ 178, Reykjavík.

#### Kröfur kærenda:

Kröfur kærenda eru að kærða missi áhugmannaréttindi sín og verði sett í keppnisbann vegna golfkennslu gegn peningagreiðslum ásamt því á sama tíma að vera að keppa sem áhugamaður á mótaröð eldri kylfinga.

#### Málavextir:

##### I.

Kæra barst skrifstofu Golfsambands Íslands 3. júlí 2014. Í kæru er frá því greint að kærða sé áhugamaður sem hafi um árabil stundað golfkennslu í samstarfi við Jón H. Karlsson PGA kennara. Golfkennslan hafi farið fram á æfingasvæðum Golfklúbbs Reykjavíkur, Golfklúbbsins Keilis og Golfklúbbs Bakkakots. Kennsla hafi verið í formi einkakennslu og hópkennslu. Til stuðnings kærunni er vísað til vefsíðna þar sem kærða hafi verið titluð sem golfkennari.

Fullyrt er að kærða hafi þegið greiðslu fyrir kennslu. Hún sé ekki menntaður PGA kennari, skráð í golfkennaraskóla PGA á Íslandi, eða með félagsaðild að PGA á Íslandi samkvæmt lögum þess.

Kærða hafi keppt á mótaröð eldri kylfinga á árunum 2013 og 2014.

##### II.

Í samræmi við viðauka með framkvæmd áhugamannareglна á Íslandi var framkvæmdastjóra Golfsambands Íslands falið að rannsaka málid og afla gagna. Hann gaf kærðu kost á að koma á framfæri andmælum sem og hún gerði, með skriflegri greinargerð dags. 17. júlí 2014. Henni fylgdi skrifleg yfirlýsing Jóns H. Karlssonar golfkennara. Til viðbótar þessum gögnum liggja frammi útprent af vefsíðum, sem vísað var til í kæru, auk þess sem framkvæmdastjóri GSÍ aflaði munnlegra upplýsinga. Verður nú lýst meginatriðum, er fram koma í þessum gögnum.

Í greinargerð kærðu kemur fram að hún sé sjúkraþjálfari að mennt, með BS próf frá Háskóla Íslands. Hún hafi sérmenntun í skoðun og greiningu á stoðkerfi, hrygg og útlimaliðum (manual therapy), frá St. Augustin Florida. Hún hafi lokið allmögum þjálfaranámskeiðum á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og sérsvanda innan þess.

Í gegnum tíðina, eða s.l. 25 ár, hafi hún komið að íþróttajálfun barna og unglings í ýmsum greinum, auk þess að stunda íþróttir sjálf. Menntun hennar sem sjúkraþjálfari og frambærilegur kylfingur hafi nýst henni til að leiðbeina skjólstæðingum sínum vegna stoðkerfisvandamála er tengja megi við golfiðkun. Hún hafi liðsinnt þeim og bent á leiðir til að minnka álag á liði, festur og vöðva, sem skili sér í betri líðan og jafnvel lengri golfferli.

Á árunum 2003 til 2007 hafi hún, að beiðni stjórnar Golfklúbbs Bakkakots, tekið að sér að leiðbeina börnum og unglungum í klúbbnum. Hún hafi hætt af persónulegum ástæðum, en lagði þá til að stjórnin leitaði til Jóns H. Karlssonar PGA kennara og eiganda Draumagolfs, um að hann tæki að sér kennslu í Bakkakoti.

Golfklúbbur Bakkakots hafi gert samkomulag við Draumagolf um golfkennslu hjá klúbbnum í sumar. Jón H. Karlsson hafi haft samband við kærðu og óskað eftir að hún kæmi að barna- og unglingastarfi þar, þar sem ánægja hafi verið með störf hennar. Starfið, sem kærðu var ætlað, var að leiðbeina tvívar sinnum í viku börnum og unglungum og einu sinni í viku í kvennatímum. Að öðru leyti hafi Jón H. Karlsson og Arnar Snær Hákonarson, golfleiðbeinandi og PGA nemi, séð um kennslu í Bakkakoti.

Kærða hafi „að greiðvikni“ hlaupið í skarðið fyrir Draumagolf á örfáum námskeiðum fyrir byrjendur í maímánuði síðastliðnum, vegna forfalla og tvívökana á Jón H. Karlsson. Í þeim tilvikum hafi verið um hóptíma fyrir byrjendur að ræða. Einkakennslu hafi hún ekkert sinnt.

Að því er varðar upplýsingar á netsíðum, þar sem hún hafi verið titlaður golfkennari, kveður hún þær upplýsingar hafa verið ónákvæmar og að þær hafi verið leiðréttar.

Í yfirlýsingu Jóns H. Karlssonar segir að Steinunn hafi starfað fyrir Draumagolf sem „golfleiðbeinandi“ og hún hafi nær eingöngu kennt börnum og unglungum í Bakkakoti. Að hún hafi verið titluð sem golfkennari kveður hann hafa verið mistök sem „hann taki alfarið á sig“.

Tekjur hennar af framangreindum störfum hafi verið litlar.

Í bréfi Golfsambands Íslands til áhugamennskunefndar kemur fram að framkvæmdastjóri sambandsins hafi kynnt sér gögn, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, og aflað upplýsinga frá Golfklúbbi Bakkakots um eðli og umfang starfa kærðu og að þau hafi verið í samræmi við lýsingu í greinargerð hennar. Þetta hafi forráðamenn klúbbins staðfest við framkvæmdastjórann.

### III.

Hinn 7. ágúst 2014 kvað áhugamennskunefnd GSÍ upp úrskurð í málínu á grundvelli framkominna gagna. Kærða var sýknuð með svohljóðandi rökstuðningi:

„Grundvallarmarkmið reglna um áhugamannaréttindi eru:

- Að setja viðmið, með víðtæku alþjóðlegu samþykki, sem eru íþróttinni fyrir bestu.
- Að þær séu nútímanlegar, en jafnframt tryggar hefðum íþróttarinnar, eftir því sem við á.
- Að þær geti staðið til langframa og unnt sé að framfylgja þeim.

Viðurkennt er að ólíkar félagslegar og hagrænar aðstæður skapi mismunandi áskoranir milli landa fyrir einstaklinga og samtök, og sérstaklega kunni að vera þörf á frjálslegra og sveigjanlegra regluverki í löndum þar sem golf er að festa sig í sessi, svo að íþróttin megi þróast.

„Áhugamaður í golfi“ er skilgreindur sem „sá, er leikur golf vegna þeirrar áskorunar sem í því felst, en ekki sem starf eða til fjárhagslegs ávinnings.“

„Kennsla“ er skilgreind þannig að hún „nái yfir kennslu í ápreifanlegum þáttum golfleiks, þ.e. sjálfa aðferðina við að sveifla golfkylfu og hitta golfbolta.“

Reglur um kennslu koma fram í 5. gr. reglnanna um áhugamannaréttindi. Í gr. 5-1 segir að umfram það er reglurnar leyfi megi áhugamaður í golfi ekki þiggja greiðslu eða endurgjald, beint eða óbeint, fyrir kennslu í golfleik.

Í reglu 5-2 kemur fram hvenær kennsla er leyfð. Í a-lið segir: „Áhugamaður í golfi sem er (i) starfsmaður í skóla eða námsstofnunar eða (ii) starfsmaður í dvalarbúðum eða öðru álíka skipulögðu verkefni má þiggja greiðslu eða endurgjald fyrir að kenna nemendum sínum þar golfleik, svo fremi að slík kennsla nemí minna en helmingi þess tíma sem viðkomandi starfsmaður eða leiðbeinandi ver í öll sín skyldustörf sem slíkur starfsmaður eða leiðbeinandi“.

Reglur þessar ber að túlka með hliðsjón af grundvallarmarkmiðum reglnanna, sem hér að framan hefur verið lýst. Áhugamennskunefnd telur nauðsynlegt að líta til þess að hér á landi hefur viðgengist um lengri tíma að golfklúbbar standi fyrir námskeiðum, einkum fyrir börn og unglunga, byrjendur og konur, og að áhugamenn með þekkingu á íþróttinni hafi verið fengnir til að inna þessum námskeiðum. Ekki hefur verið amast við þessu og litið svo á að þetta rúmist innan reglnanna um áhugamannaréttindi. Þá hefur kærða lokið þjálfaranámskeiðum 1a og 1b á vegum GSÍ. Samkvæmt þjálfarastiga ÍSÍ og GSÍ veittu slík námskeið réttindi, annars vegar til þjálfunar hjá yngri flokkum undir eftirliti yfirþjálfara (1b) og hinsvegar til starfa sem aðstoðarmaður kennara eða leiðbeinandi (1a).

Það er niðurstaða áhugamennskunefndar GSÍ að störf kærðu við námskeið á vegum Draumagolfs fyrir Golfklúbb Bakkakots falli undir undantekningarreglu 5-2 og feli ekki í sér brot á áhugamannareglunum.

Eftir því sem fram er komið hafa önnur störf kærðu fyrir Draumagolf verið sáralítil. Áhugamennskunefnd finnur að því að í kynningum Draumagolfs hafi kærða verið titluð sem golfkennari. Þessi staðreynd bendir til að ekki hafi verið greint nægilega skýrt milli þeirra starfa, sem henni eru heimiluð samkvæmt undantekningarreglu 5-2, sjúkrabjálfunar sem henni er heimiluð og loks starfa, sem henni eru ekki heimiluð sem áhugamanni. Að öllu virtu telur nefndin þó ósannað að hún hafi brotið gegn reglunum um áhugamannaréttindi. Nefndin sér ástæðu til að leggja áherslu á að hún og aðrir líti til sjónarmiða sem hér hafa verið greind og forðist sérstaklega athafnir, er kunna að fela í sér brot gegn reglunum. Í vafatilvikum er unnt að leita ráða hjá Golfsambandi Íslands, sbr. reglu 1-4.“

#### IV.

Hinn 22.ágúst 2014 barst skrifstofu GSÍ áfrýjun frá kærendum. Þar var staðhæft að úrskurður áhugamennskunefndar GSÍ væri byggður á röngum forsendum. Þess var krafist að hann sætti endurupptöku nefndarinnar en væri ella sendur dómstóls GSÍ til meðferðar.

Bréfi þessu fylgdi útskrift yfir tímapantanir golfkennara í æfingaaðstöðu Golfklúbbsins Keilis í Hraunkoti. Þar kemur fram að á tímbilinu frá 1. janúar til 31. maí 2014 létt kærða 25 sinnum taka frá í eigin nafni aðstöðu til golfkennslu alls 77 mottur. Auk þess voru í apríl og maí teknar frá 25 mottur vegna námskeiðs fyrir félagsmenn í golfklúbbi borgarstarfsmanna í nafni Draumagolfs. Kærða mun hafa annast þá kennslu eins og auglýst hafði verið.

Áhugamennskunefnd GSÍ komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að endurupptaka málið enda bentu þessi nýju gögn til að störf kærðu við golfkennslu hefðu verið mun umfangsmeiri og annars eðlis en áður hafði komið fram. Kærðu var gefið kostur á að andmæla þeirri ákvörðun og hinum nýju gögnum. Það gerði hún með bréfi dags. 12. sept. 2014 þar sem vísað var til fyrri rökstuðnings án þess að gefa nokkrar skýringar á hinum nýju gögnunum.

GSÍ ritaði áhugamennskunefnd GSÍ bréf, dags. 15. september 2014. Þar kom fram að það sé mat framkvæmdastjóra GSÍ að kærða hafi ekki gerst brotleg við áhugamennskureglurnar.

#### Forsendur og niðurstaða:

Eins og að framan hefur verið rakið hafa áhugamennskunefnd GSÍ borist ný gögn, sem að mati nefndarinnar eru til þess fallin að hafa áhrif á málsúrlit. Skilyrði til að endurupptaka málið eru því uppfyllt.

Með nýju gögnum er sýnt að kærða vann við golfkennslu og þáði greiðslur fyrir, án þess að undanþáguákvæði í gr. 5-2 reglna um áhugamannaréttindi geti átt við. Skýringar, er kærða veitti við fyrri málsmeðferðina og lýst er í II. kafla málavaxtalýsingar hér að framan, samrýmast ekki þessum gögnum. Kærðu gafst annað tækifæri til að tjá sig um gögnin og veita enn frekari skýringar með tilliti til þeirra. Kærða vísaði til fyrri andsvara, án þess að tjá sig nánar um umrædd gögn. Að mati nefndarinnar eru skýringar hennar alls ekki viðhlítandi og eins og áður sagði, í ósamræmi við gögnin.

Forsendur, sem úrskurður nefndarinnar frá 7. ágúst 2014 byggðist á, geta ekki átt við um kennslu kærðu, sem fram fór í Hraunkoti samkvæmt gögnum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Það er niðurstaða nefndarinnar að kærða hafi brotið gegn gr. 5-1 reglna um áhugamannaréttindi.

Á grundvelli framangreinds hefur nefndin ákveðið að svipta kærðu áhugamannaréttindum sínum, með heimild í gr. 8-2 reglnanna um áhugamannaréttindi. Um endurheimt þeirra eru ákvæði í 9. gr. sömu reglna.

Uppsaga úrskurðarins hefur dregist vegna fjarveru og anna nefndarmanna.

#### Úrskurðarorð:

Kærða, Steinunn Sæmundsdóttir, braut gegn reglu 5-1 og hefur misst áhugamannaréttindi sín.

Reykjavík, 30. desember 2014  
Áhugamennskunefnd GSÍ

Georg H. Tryggvason  
Örn Höskuldsson  
Gísli Guðni Hall

